

FRÉTTABRÉF

VOR 2025

Hugleiðingar stjórnar um áramót 2024/2025

Eflaust minnumst við liðins árs á mismunandi hátt allt eftir því hvaða atburðir eru okkur efst í huga. Fæðing nýrra afkomenda er alltaf fagnaðarefni. Ástvinamissir veldur sorg og trega. Sumir fagna nýrri ríkisstjórn, aðrir syrgja þá sem var. Við vitum ekki mikið um framtíðina en eigum það sameiginlegt að vona það besta. Eins og ykkur er kunnugt brá stjórnin á það ráð s.l. haust að gefa út og dreifa fréttabréfi FEBRANG, þar sem dreifingu Búkollu á öll heimili í sýslunni var hætt. Sjálfboðaliðar önnuðust dreifingu hratt og vel en kvörtuðu yfir misgöðu ástandi póstkassa. Þessi leið til að koma skilaboðum á framfæri þótti gefa svo góða raun að stjórnin hefur í hyggju að prenta og dreifa fréttabréfi á heimilin í sýslunni að hausti. Þetta fréttabréf er gefið út á rafrænu formi en hver og einn getur prentað eintak fyrir sig. Eins og fram kemur í þessu fréttabréfi verður starfsemi félagsins með svipuðu sniði og á síðasta ári.

Handverksdögum var fækkað úr tveim í einn á haustönn, en leiðbeinendur eru nú þrír í senn í stað tveggja áður. Ákveðið er að aðalfundur verði 3. febrúar í Hvolnum á Hvolsvelli. Töluverð endurnýjun er fyrirsjáanleg í stjórninni: Formaður (Jón Ragnar Björnsson) og varaformaður (Ásdís Ólafsdóttir) hætta í stjórn, svo og Margrét Guðjónsdóttir varamaður. Það liggur því fyrir að fá þrjú ný í stjórnina, þ.e. einn aðalmann og tvo varamenn. Stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti en því að formaður er kosinn á aðalfundi. Hjálpumst að við að efla samstöðu og samheldni meðal eldra fólks í sýslunni. Við erum hluti af góðu samfélagi, leggjum margt gott og gagnlegt til þess, þótt komin séu á efri ár. Stjórnin óskar féögum í FEBRANG og öðrum íbúum Rangárþings gleðilegs árs og þakkar fyrir ánægjuleg samskipti og samveru.



Starf Félags eldri borgara í Rangárvallasýslu, FEBRANG á vorönn 2025

Handverk, þ.e. keramik- og postulínsmálun, verður einu sinni í viku á miðvikudögum kl. 13:00 - 16:00 í Menningarsalnum á Hellu.

Byrjar 15.1. Leiðbeinendur Brynja Bergsveinsdóttir, Þórunn Sigurðardóttir og Ester Markúsdóttir.

Annargjald er 5.000 kr. Skráning á vefsíðunni febrang.net, í tölvupósti sigdis.febrang@gmail.com eða hjá Sigdísi Oddsdóttur í síma 8677576. Greiðsluseðill kemur í heimabanka.

Útskurður á föstudögum kl. 13:30 - 16:00 í smíðastofu Hvolsskóla á Hvolsvelli. Byrjar 17.1. Leiðbeinandi Hjálmar Ólafsson.

Annargjald er 5.000 kr. Skráning í tölvupósti sigdis.febrang@gmail.com eða hjá Sigdísi Oddsdóttur í síma 8677576. Greiðsluseðill kemur í heimabanka.

Spilin á fimmtudögum, til skiptis á Hvolsvelli og Hellu. Byrja 16.1. kl. 14:00 - 16:00 í Hvolnum á Hvolsvelli (stóra salnum) og viku síðar í Menningarsalnum á Hellu. Kaffi og meðlæti kr. 1.000.

Boccia í Íþróttahúsinu á Hvolsvelli mánudaga og miðvikudaga kl. 10:10 - 11:10. og í Íþróttahúsinu á Hellu mánudaga og miðvikudaga kl. 11:10 - 12:10.

Hringur kór eldri borgara æfir mánudaga kl. 16:00 - 18:00 í Menningarsalnum á Hellu. Æfingar hefjast 13.1. Fylgist líka með á Facebooksíðu kórsins sem heitir Hringur kór eldri borgara í Rangárþingi. Kristín Sigfúsdóttir verður kórstjóri. Gjald á vorönn 7.000 kr. Nánari upplýsingar hjá formanni, Þorsteini Markússyni, sími 8984928.

Nýtt söngfólk velkomid!

Leiklistarnámskeið þriðjudaga kl. 11.15. Hefst 14.1. í Hvolnum á Hvolsvelli í stóra salnum. Leiðbeinandi Margrét Tryggvadóttir. Ókeypis.

Dans annan hvorn þriðjudag kl. 13:30 -14:30 til skiptis á Hellu og Hvolsvelli. Byrjar í Menningarsalnum á Hellu 14.1, síðan í Hvolnum á Hvolsvelli tveim vikum síðar. Ókeypís.

Skapandi skrif. Til stendur að hafa námskeið í skapandi skrifum á haustönn. Rithöfundurinn og þúsund þjala smiðurinn Harpa Rún Kristjánsdóttir verður leiðbeinandi. Nánar auglýst síðar.

Bókaklúbbur. Héraðsbókasafn Rangæinga stendur fyrir bókaklúbbnum Skruddur. Þar hittist fólk fyrsta fimmtudag í mánuði kl. 16 í notalegum bókasal Héraðsbókasafnsins. Það er á Vallarbraut 6 á Hvolsvelli. Við erum velkomin að vera með!

Hreyfingin/leikfimin á Hellu verður á mánudögum og fimmtudögum kl. 10 í íþróttahúsinu á Hellu og byrjar 6.1. Á Hvolsvelli er hún á þriðjudögum og föstudögum kl. 10 í Hvolnum og hefst 7.1. Mætið mjög gjarnan bæði á Hvolsvelli og á Hellu! Leiðbeinandi er Drífa Nikulásdóttir.



**FYLGIST MEÐ FRÉTTUM Á FACEBOOKSÍÐU
FÉLAGSINS, FEBRANG-FÉLAG ELDRI
BORGARA Í RANGÁRVALLASÝSLU OG Á
VEFSÍÐU FÉLAGSINS FEBRANG.NET.
NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR SIGDÍS
ODDSDÓTTIR, SÍMI 8677576. SIGDÍS HEFUR
VIÐVERU Í MENNINGARSALNUM MIÐVIKUDAGA
KL. 13 -16 FRÁ 15.JANÚAR.**



Aðalfundur FEBRANG

3. febrúar kl. 13:30 í Hvolnum á
Hvolsvelli.

Hefðbundin aðalfundarstörf.

Einsöngur, vöfflukaffi.

Kosið um nýjan formann.

Hvetjum alla til að mæta!

Stjórnin

Sumarferðir FEBRANG 2025

Færeyjar í maí UPPSELT

Grafningur 25. júní

Vestmannaeyjar 20. ágúst

Verð og nánari upplýsingar auglýst síðar



Góuball FEBRANG

Félag eldri borgara í Rangárvallasýslu
stendur fyrir sveitaballi í Hvolnum þann
14. mars. Öðrum félögum á Suðurlandi er boðið
að koma!

Takið daginn frá!

Nánar auglýst síðar

Oh! Ég steingleymdi að fara í ræktina í morgun.

Fimmta árið í röð!

Það var svo kalt , ég sá lögfræðing labba á
Laugarveginum með hendurnar í eigin vösum!!

Amma hóf að ganga 10 kílómetra á dag þegar hún
varð sextug. Í dag höfum við ekki hugmynd um
hvar hún er



Stjórnarmeðlimir óskast!

Vilt þú vinna með frábærum hópi fólks að fjölbreyttum verkefnum í þágu félagsins? Stjórn FEBRANG leitar eftir öflugum félögum til liðs með sér. Stjórnarfundir eru að meðaltali einu sinni í mánuði. Áhugasöm mega setja sig í samband við stjórnarmeðlimi :

Aðalstjórn:

Jón Ragnar Björnsson, formaður, s. 6990055, febrang2020@gmail.com

Svavar Hauksson, ritari, s. 8977487, svahau@simnet.is

Einar Grétar Magnússon, gjaldkeri, s. 8938430, ainar@visir.is

Ásdís Ólafsdóttir, varaformaður, s. 6167991, asdisbot@gmail.com

Jóna Elísabet Sverrisdóttir, s. 8224055, sverrisdottirjona@gmail.com

Varastjórn:

Finnur Egilsson s. 8980317, midsef53@gmail.com

Margrét Guðjónsdóttir s, 8649658, margud55@gmail.com

Tilkynna þarf til stjórnar um framboð
með 10 daga fyrirvara þ.e. fyrir 23.1. 2025.

Nýir félagar velkomnir!

Við bjóðum alla nýja féлага velkomna til liðs við okkur!
Aðild að Félagi eldri borgara í Rangárþingi (FEBRANG) veitir þér
aðgang að margvíslegri þjónustu, afþreyingu og afsláttarkjörum.

Mjög hóflegt árgjald!

Hefur þú áhuga? Það eru nokkrar leiðir til að skrá sig: febrang.net,
febrang2020@gmail.com eða hjá Dísu í síma 867-7576

Verið velkomin

